

Samræmd starfsleyfis skilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum
Starfsleyfis skilyrði fyrir sólbaðsstofur

1. Almenn skilyrði

- 1.1 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfsemina.
- 1.2 Ef um annan starfsleyfis skyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfis skilyrði.
- 1.3 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn
- 1.4 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti, þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina sé fylgt, sem og kröfum í starfsleyfi.

2. Húsnæði og búnaður

- 2.1 Húsnæði skal vera vel viðhaldið. Óheimilt er að hafa teppi á gólfum. Húsnæðið skal vera aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.
- 2.2 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar fyrir loftræsikerfi skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.
- 2.3 Aðgangur skal vera að loftræstri ræstiaðstöðu og skolvaski. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.
- 2.4 Baðaðstaða skal vera fyrir viðskiptavinum. Fatahengi/búningsherbergi þurfa að vera fyrir viðskiptavinum.
- 2.5 Starfsfólk og viðskiptavinir eiga að hafa greiðan aðgang að salerni og handlaug með sápulegi og einnota handþurrkum. Snyrting skal loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræstingu. Gólfplötur salernisrýmis skal vera minnst 1,2 m² Ruslafata með loki skal vera í hverjum salernisklefa.

3. Öryggismál/geislavarnir

- 3.1 Á hverjum ljósabekk skal vera viðvörðunarkerki frá Geislavörnum ríkisins “Aðvörðun útfjólublá geislun”.
- 3.2 Veggspjald frá Geislavörnum ríkisins “Leiðbeiningar Geislavarna ríkisins um útfjólubláa geislun og sólarlampa” skal hanga uppi á áberandi stað í afgreiðslu.
- 3.3 Eingöngu er leyfilegt að nota sólarlampa í flokknum UV-3 og skal flokkurinn koma fram á merki á lampanum.
- 3.4 Perunotkun þ.e. tegund peru og tíðni peruskipta í ljósabekkjum skal vera skv. leiðbeiningum framleiðanda. Halda skal skrá yfir peruskipti. Fara skal að leiðbeiningum framleiðanda um hámarkstíma í ljósabekk.
- 3.5 Nota skal hitastýrð blöndunartæki í handlaugum og böðum til þess að vatnshiti á töppunarstað fari ekki yfir 43°C.

4 Hreinlæti

- 4.1 Húsnæði og alla aðstöðu á að þrifa daglega eða oftár eftir þörfum. Allsherjarhreingerningu skal gera árlega eða oftár eftir þörfum. Hreinlætisáætlun skal vera skrifleg.
- 4.2 Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.
- 4.3 Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega.
- 4.4 Ljósabekki og hlífðargleraugu skal þrifa með sótthreinsandi efni eftir hverja notkun af starfsmönnum stofunnar.
- 4.5 Leiðbeiningar um þrif á bekkjum skulu vera skriflegar (hvaða efni á að nota, blöndunarhlutföll, verkunartími o.fl.).
- 4.6 Ílát með hreinsiefnum skulu merkt með innihaldi, blöndunarhlutfalli og notkun.
- 4.7 Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsnæðið.
- 4.8 Reykingar eru bannaðar þar sem almenningur leitar aðgangs og þjónustu.

5 Matvæli

- 5.1 Fara skal að ákvæðum matvælaeignarreglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

6 Umhverfismál

- 6.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið
- 6.2 Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.
- 6.3 Spilliefnum skal komið til móttökustöðva. Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurnýtingu eða endurvinnslu úrgangs.
- 6.4 Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 6.5 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, matvælaeignarreglugerð nr. 522/1994, byggingarreglugerð nr. 441/1998, reglugerð nr. 805/1998 um úrgang, reglugerð nr. 806/1998 um spilliefni, reglugerð nr. 776/1998 um snyrtivörur, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, reglugerð nr. 810/2003 um sólarlampa, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 536/2001 um neysl vatn.